

Veðurstofan hefur unnið að því að þróa spálíkan fyrir rennsli í tilteknum vatnsföllum á grundvelli veðurspár með Harmonie veðurlíkaninu. Aðferðin byggist á því að leita eftir sögulegum gögnum (forsagnarbreytum) sem eru hliðstæð, þ.e. líkjast því veðri sem spáð er næstu daga, bera saman hvernig rennslið í tilteknu vatnsfalli varð þá og spá á grundvelli þeirra hvernig það verður næstu daga. Með því má meðal annars vara við hættum sem geta steðjað að vegna hugsanlegra flóða. Í áfangaskýrslunni er sagt frá vinnu við þróun á þessum spám.

Gert er ráð fyrir að lokaskýrslu verði skilað í mars 2019 og að þá verði opnuð vefsíða þar sem unnt verður að sjá spárnar í rauntíma.